

Ár 1974, fimmtudag 5. september, var í málinu nr. 2/1974  
kveðinu upp af Yfirfasteignamatnefnd svehliðbánda

Ú r æ k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að árin 1972 og 1973 lagði Mosfells-  
hreppur fasteignaskatt á jarðhitarettindi Hitaveitu Reykjavíkur  
þar í sveit. Er fjárhæð skattsins kr. 3.120.000,- hvort ár og  
er þannig fundin, að við fasteignamatsvörð hitarettindaanna, kr.  
66.000.000,-, er hött 20% álagi á grundvelli heimildar í 3. t.l.  
bráðabirgðakvæða í lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga  
og síðan lagður 4% skattur á þann gjaldstofu með tilvísun til  
4. mgr. 3. gr. sömu laga.

Áf hálfu borgarstjórn Reykjavíkur hefur ofangreindri skatt-  
lagningu verið mótmælt fyrir hönd Hitaveitu Reykjavíkur. Hefur  
Mosfellshreppur óskað eftir því í bréfi, dags. 14. júní s.l., að  
Yfirfasteignamatnefnd lyki úrskurði á þetta ágreiningsefni. Í  
ögnum, sem bréfi þessu fylgdu, koma fram meginþjórnarmíð aðila.

Í aðalmati fasteigna voru jarðhitarettindi Hitaveitu Reykja-  
víkur í Mosfellshreppi skráð og metin á kr. 66.000.000,-. Er  
skattlagning þessara verðmeta af hálfu sveitarstjórn Mosfells-  
hrepps, að viðbættu álagi samkvæmt bráðabirgðakvæðum laga nr. 8/1972,  
reist á 4. mgr. 3. gr. sömu laga, eins og áður greinir. Tölja  
verður síðastgreint ákvæði á því stjórnmíði reist, að rétt sé, að  
sveitarfélög hafi skatttekjur af verðmetum hlunnindum lands í  
sveitarfélaginu og þá með þeim hætti, að fasteignaskattur sé að  
mun hærri, ef slík hlunnindi eru eign aðila, sem eiga heimili utan  
sveitarfélagsins og eru því að jafnaði eigi skyldir til að greiða  
útsvar eða aðstöðugjald til sveitarstjórn þar, og sé nefndur við-  
bótarfasteignaskattur þá uppbót fyrir útsvar og aðstöðugjald.  
Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra eru hins vegar undanþegin  
útsvari og aðstöðugjaldi, sbr. 21. gr., 22. gr. og 2. mgr. 36. gr.  
laga nr. 8/1972. Þykir því samkvæmt fyrrgreindum meginþjórnarmíðum,  
sem liggja til grundvallar hinni sérstöðu skattlagningarheimild í  
4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, varhugavert að leggja svo rúman  
skilning í hugtakið utanveitarmáður í því lagaákvæði, að það nái  
til sveitarfélaga eða fyrirtækja sveitarfélaga, sem eiga fasteigna-  
réttindi í öðru sveitarfélagi. Af því leiðir á hlun bóginu ekki, að  
slíkum aðilum sé óskytt að svара almennum fasteignaskatti af fast-  
eignum sínum samkvæmt 1. - 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, sbr.  
2. - 4. gr. reglugerðar nr. 320/1972, að svo miklu leyti sem þær  
eignir eru ekki sérstaklega undanþegnar fasteignaskatti, sbr.  
5. gr. laga nr. 8/1972 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972. Um  
síðastgreint atriði virðist heildur ekki vera neinn ágreiningur með  
aðilum.

Saukvætt framsögðu er niðurstaða máls þessa sé, að Hitaveitu Reykjavíkur sé óskytt að svara viðbótarfasteignaskatti samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 af umráddum jarðhitaróttindum í Mosfellsveit.

Ú R S K U R Ð A R O Ð :

Hitaveitu Reykjavíkur er óskytt að svara viðbótarfasteignaskatti samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 af óinngreindum jarðhitaróttindum.

Gaumur Jörundsson

Torfa Ásgelrason

Ég undirritaður er ekki sammála ófögritaðri niðurstöðu, en þar sem meiri hluti er fyrir henni í nefndinni, tel ég, að þar sé úrskurður nefndarinnar löngin.

Pállmi Jónsson